

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, Stóri-Lambhagi II, Skilmannahreppi.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á svæðisskipulagi sunnan Skarðsheiðar 1992-2012, frá 26. apríl 1994, sbr. 2. mgr. 14. gr. laganna.

Um er að ræða breytta landnotkun þar sem 5 ha landbúnaðarspilda í landi Stóra-Lambhaga II breytist í frístundahúsabyggð og skógrækt. Landspildan liggur að Laxá að norðvestan, en afmarkast að öðru leyti af skurðum og girðingum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Breytingin hefur fengið samþykki annarra sveitarfélaga er standa að svæðisskipulaginu, þ.e. Akraneskaupstaður, Innri-Akraneshreppur, Hvalfjarðarstrandarhreppur og Leirár- og Mela-hreppur. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 675

4. október 1999

AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja, 1988-2008, Brekkuhús.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, sbr. 2. mgr. 21. gr., hefur ráðherra þann 4. október 1999 staðfest breytingu á aðalskipulagi Vestmannaeyja 1988-2008 frá 2. júlí 1990.

Breytingin felst í því að hluti af öryggissvæði og opnu svæði við flugbraut verður íbúðarsvæði. Svæðið afmarkast af þeim tveimur byggingum sem fyrir eru ásamt lóð.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Vestmannaeyja. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 4. október 1999.

Siv Friðleifsdóttir.

Magnús Jóhannesson.

Nr. 676

5. október 1999

SAMÞYKKT

um hundahald í Reykdælahreppi.

1. gr.

Einstaklingum búsettum í Reykdælahreppi, öðrum en ábúendum lögbýla, er óheimilt að halda hunda nema með sérstöku leyfi hreppsnefndar og að uppfylltum þeim skilyrðum og þeim reglum sem tilgreindar eru í samþykkt þessari. Þarfahunda við búrekstur á lögbýlum er skylt að skrá en þeir eru undanþegnir gjaldtöku, en skulu að öðru leyti hlíta ákvæðum samþykktar þessarar.